



Álfar og tröll í Öskjuhlíð Álfar, menn, orkar og tröll völsuðu um Öskjuhlíð í rauntímaspunaspili í gær. Á sunnudögum hittast að jafnaði um fimmtíu furðuverur í hlíðinni en alls telur hópurinn, sem var stofnaður árið 2013, um 320 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Engir Albanar fengið hæli í ár

FÉLAGSMÁL Öllum hælisumsóknum albanskra flóttamanna hér á landi hefur verið synjað það sem af er ári. Árið 2014 var engum albönskum flóttamönnum veitt hæli.

Þetta staðfestir Skúli Á. Sigurðsson, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun, í samtali við Fréttablaðið. Ástæða þess er sú að til þess að eiga rétt á vernd og teljast flóttafólk þá þarf einstaklingur bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasáttmálum að vera í einhvers konar hættu og eiga ekki möguleika á viðeigandi vernd eða úrræðum í heimalandi sínu.

„Yfirleitt er ástandið í Albaníu þannig að fólk er ekki í hættu og á því ekki rétt á vernd,“ segir Skúli. Annars staðar í Evrópu hefur Albönum verið veitt hæli en synjunarhlutfallið þar er þó mjög hátt.

„Árið 2014 var 92 til 94 prósentum umsókna Albana um hæli synjað í Evrópu. Við erum með svo lítið úrtak enn sem komið er að það er ekkert skrítið að við séum í 100 prósentu synjunarstöðu,“ segir Skúli Á. Sigurðsson. – *sg*

Grunur um ISIS-menn á Keflavíkurflugvelli

Talið er að flugfarþegar með tengsl við ISIS eða önnur hryðjuverkasamtök kunni að hafa farið um Keflavíkurflugvöll á leið sinni til annarra landa. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum segir viðkomandi oftast ekki stöðvaða hérlandis.

LÖGREGLA Nokkrum sinnum hefur vaknað upp grunur um að einstaklingar með tengsl við ISIS eða önnur hryðjuverkasamtök hafi farið um Keflavíkurflugvöll. Þetta staðfestir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum.

„Oftast er það þannig að við getum ekki stoppað fólk en við getum látið lögreglu í heimaríki eða viðtökuríki vita,“ segir Ólafur. Keflavíkurflugvöllur hefur aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem notaður er við vegabréfaeftirlit. Í gagnagrunninum eru meðal annars upplýsingar um fólk sem grunur leikur á að gæti ógnað öryggi þjóða. Viðvörðun

kemur því upp ef viðkomandi framvísar vegabréfi við skoðun.

„En menn eru ekki skráðir í þetta kerfi nema það sé fyllsta ástæða til,“ segir Ólafur og bætir við: „Við erum þátttakendur í Europol og Interpol þannig að þjóðir og ríki vinna saman að því að fylgjast með brotamönnum þegar þeir fara á milli landa.“

Lögregla hefur ekki grun um að menn með tengsl við hryðjuverkasamtök hyggist dvelja hér langdvölum. „Það virðist ekki vera sem Ísland sé lokamark fólks í þessum hugleiðingum, það er að segja hinn endanlegi áfangastaður,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson. – *snæ/sjá síðu 4*

●● Oftast er það þannig að við getum ekki stoppað fólk en við getum látið lögreglu í heimaríki eða viðtökuríki vita.

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN

Guðmundur Andri skrifar um flóttafólk. 13

SPORT

Guðlaugur Victor Pálsson verður frá í níu mánuði. 14-16

MENNING

Mávurinn flýgur hátt í Borgarleikhúsinu. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ

FÓLK

FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

DEBENHAMS

BLÁA

BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

SÍÐASTI DAGUR!

Opið í kvöld til kl. 19:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

f

Finndu okkur á facebook

Yfir 800 vörur fyrir hrekkjavöku

Finndu okkur á

f

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



Í dag stefnir í hæga suðvestlæga átt og rigningu fyrir sunnan og vestan, annars skýjað en úrkomulítið. Léttir til norðaustan til þegar liður á daginn. Kólnar í veðri, hiti 2 til 8 stig.

SJÁ SIÐU 20

Störf lögð niður í dag

KJARAMÁL Á sjötta þúsund ríkisstarfsmanna leggja niður störf í dag og á morgun í verkfalli SFR, stéttarfélags í almannatjónustu, og verkfalli Sjúkraliðafélags Íslands.

„Það má segja að helgin hafi skilað alveg þokkalegu starfi og við erum komin lengra með málið en þegar við byrjuðum,“ sagði Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, í samtali við Vísir í gær eftir sáttafund. Næsti fundur verður klukkan 13.15 í dag.

Mikil röskun verður á starfsemi opinberra stofnana. Þjónusta á heilsugæslum verður skert, heima-hjúkrun aldraðra og sjúkra leggst að mestu niður, starfsemi Landspítala raskast þar sem um sextán hundruð sjúkraliðar á spítalanum leggja niður störf og þá leggja á sjöunda hundrað sjúkraliðar niður störf á öðrum heilbrigðisstofnunum.

Öll kennsla við Háskóla Íslands, utan þeirrar sem fram fer í Háskóla-bíói, leggst einnig niður og röskun verður á starfi embættis tollstjóra. Einnig leggst starfsemi ríkisskattstjóra að mestu niður sem og Vinnu-málastofnunar, Sjúkratrygginga og Vegagerðarinnar. Vínbúðir verða lokaðar og leiksýningar Þjóðleikhússins falla niður. – þea

Yfir 15 þúsund flúðu heimili sín

FILIPPSEYJAR Yfir fimmtán þúsund Filippseyingar þurftu að yfirgefa heimili sín í gær er fellibylurinn Koppu skall á eyinni Luzon. Búist er við því að fleiri þurfi að yfirgefa heimili sín á næstu dögum.

Fellibylurinn varð einum að bana hið minnsta og tuga er saknað. Ofsa-veðrið felldi tré og rafmagnslínur. Þá olli það einnig flóðum og aurskriðum.

„Eg vil gera öllum það ljóst að þetta er bara byrjunin. Fólk verður að vera öllu viðbúið á meðan björgunarlið starfar á svæðunum sem nú þegar hafa orðið fellibylnum að bráð,“ hefur fréttastofa AFP eftir Alexander Pama, forstjóra áfallastjórnar ríkisins. – þea

Listakonur spóka sig



Listakonur yfirgefa Hörpu klæddar Þjóðbúningum eftir að hafa sýnt listaatriði úr dagskrá fyrstu alþjóðlegu Circum-Arctic Art sýningarinnar í Reykjavík. Sýningin er vettvangur fyrir handverk og listir frumbyggja frá svæðunum við norðurheimskautsbaug. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Sex milljarðar í klukkuviðgerð

BRETLAND Klukkan í Big Ben í London gæti hætt að ganga ef ekki verður ráðist í umfangsmiklar viðgerðir.

Fjármálanefnd breska þingsins hefur gert áætlun um viðgerðirnar og nemur kostnaðurinn minnst 6 milljörðum íslenskra króna. Þá þyrfti að stöðva klukkuna um fjóra mánuði og yrði það lengsta skeið sem klukkan gengi ekki í 156 ára sögu hennar.

Þá er turninn sjálfur í slæmu ásigkomulagi.

„Ef ekkert verður gert á næstu tveimur eða þremur árum gæti klukkan hætt að ganga og gæti það skaðað mynd þingsins út á við,“ segir í skýrslunni. – þea

Öll tól og tæki nýtt við leit að Herði Björnssyni

Á fjórða hundrað manns hafa leitað Harðar Björnssonar frá því á fimmtudag. Lögreglu hafa borist tugir ábendinga um ferðir Harðar en fleiri vísbendingar vantar. Notast var við bíla, dróna og þyrlur við leit umhverfis Hveragerði í gær.

LÖGREGLUMÁL Leitin að Herði Björnssyni hélt áfram í gær en hann hefur verið týndur frá aðfaranótt miðvikudags. Síðast sást til Harðar við Laugarásveg í Reykjavík í nágrenni heimilis hans. Þá var hann skólaus.

„Það eru verkefni komin í vinnslu og verið er að leita með ákveðinni áherslu á svæði í kringum Hveragerði og nærliggjandi sveitir. Við erum með hópa á landi sem og drónahópa, auk aðstóðar frá Landhelgisgæslunni,“ segir Guðbrandur Örn Arnarson, verkefnisstjóri aðgerðamála hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Að sögn Guðbrands var notast við öll verkfæri sem björgunar-sveitir búa yfir við leitina í gær; bíla, sporhunda, dróna, þyrlu og leitarmenn á jörðu niðri.

„Í heildina sэд eru þetta 336 björgunarsveitarmenn sem hafa komið að leiðinni. Í dag [í gær] eru um fjórutíu manns að störfum,“ segir Guðbrandur.

Þrjár sveitir leitarmanna leituðu í Reykjadal og nálægum dölum að Herði með drónum. Þá gengu tveir hópar til viðbótar í sveitabæi á svæðinu og spurðu íbúa hvort sést hefði til Harðar. Auk leitarhóp-anna sveimaði þyrla Landhelgis-gæslunnar einnig yfir svæðinu.

Guðbrandur segir það eina sem



Hörður Björnsson er 188 sentimetrar á hæð, grannur með sitt ljóst hár og rautt skegg. Hörður hefur verið týndur frá aðfaranótt miðvikudags.

hægt hafi verið að staðfesta hing- að til vera það að Hörður hafi sést á Laugarásveginum. Allt annað hafi gengið erfiðlega að staðfesta.

„Við getum ekki sagt með full- vissu að hann hafi verið í Hvera- gerði en sterkar vísbendingar benda til þess. Við leggjum núna upp úr því að reyna að staðfesta

336

hafa leitað Harðar Björns-sonar. Fimm dagar eru síðan til hans sást í Reykjavík.

eða hrekja ábendingar sem ber-ast,“ segir Guðbrandur.

Tugir ábendinga hafa borist lögreglu um málið og segir Guðbrandur björgunarsveitir vinna með lögreglu að því að fylgja þeim eftir.

„Hann er væntanlega að forðast fólk og við göngum út frá því að hann sé að reyna að koma sér fyrir í einhverju skjóli. Við biðjum fólk því að vera vakandi fyrir manna-ferðum í húsaskjóli. Hann vill ekki láta finna sig en þarf hjálp.“

Hörður er 25 ára. Talið er að hann sé í svörtum buxum og grárri peysu. Hann er 188 sentimetrar á hæð, grannur, með ljóst sitt hár og rautt skegg.

Guðbrandur bendir fólki á að hafa samband við lögreglu í síma 843 1106 eða á Facebook-síðu lög- reglunnar ef sést til Harðar. thorgnyr@frettabladid.is

LÍFTIÐ HELDUR ÁFRAM Í OKTÓBER!

Lýfið STÓRSKEMMTILEGT drullumall FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SÝNT Í TJARNARBÍÓ

Aðeins örfáar sýningar:

- Sun. 18. okt. kl. 13.00
- Sun. 1. nóv. kl. 13.00
- Sun. 15. nóv. kl. 13.00
- Sun. 22. nóv. kl. 13.00

Gríman 2015
Barnasýning ársins
Sproti ársins

★★★★★ - DV

★★★★★ - S.J. Fréttablaðið

MÍÐASALA Á MÍDI.IS OG Í TJARNARBÍÓ



1975 | Bílabúð Benna | 2015

CHEVROLET



CHEVROLET SPARK
VERÐ FRÁ 1.790.000 KR.

10% ÚTBORGUN 179.000 KR.



Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði. Birt með fyrirvara um texta og myndabreytingu. Bili á mynd Spark LT

VINSÆLASTUR Á ÍSLANDI OG LÍKA SÁ ÖRUGGASTI!



Spark hefur verið mest seldi bíll síðustu ára í sínum stærðarflokki á Íslandi. Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna IIHS, kynnti nýlega niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2015. Chevrolet Spark stóðst hámarks öryggiskröfur stofnunarinnar „Top Safety Pick“ annað árið í röð.

Chevrolet Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

- Aflstýri
- 4 hátalarar
- Útvarp, CD, iPod og USB tengi
- ABS hemlar
- Diskabremsur að framan
- 6 loftpúðar (gadínnur)
- Barnalæsing í afturhurðum
- Öryggisvari á bílbeltum í aftursætum
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Bílbelti með sjálfvirkum strekkjara
- Hæðastilling á framljósum
- Frjókornasía

Hluti af staðalbúnaði.

Nánari upplýsingar á benni.is og chevrolet.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opið alla virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

Fyrirtæki feðga fær heimild Orkustofnunar til gullleitar í Vopnafirði

NÁMAVINNSLA „Við erum ekki farin að mala gull,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, þar sem félagið Iceland Resources hefur fengið leyfi Orkustofnunar til að leita að gulli og kopar að því er kemur fram í Austurfrétt.

Fram kom í Fréttablaðinu í júlí síðastliðnum að Iceland Resources hygðist leita að gulli og kopar norðan við Hveragerði, norðarlega í Héraðsflóa við Vopnafjörð og á sex öðrum stöðum á Íslandi.

Eigandi Iceland Resources er félagið JVC Capital í London sem er í eigu feðganna Vilhjálms Kristins Eyjólfsssonar stjórnarformanns og Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar, framkvæmda-


stjóra Iceland Resources. Sagði sá síðarnefndi í Fréttablaðinu í júlí að átta ára undirbúning þyrfti að lágmarki áður en að hugsanlegri námuvinnslu kæmi. Samkvæmt umsókn Iceland Resources á að verja 940 milljónum króna í rannsóknir á fimm árum. Að því er segir í umsókn félagsins mun almenningshlutafélagið Arak Resources, sem skráð er í kauphöll í Kanada, leggja til fjármagn og eignast 75 prósent í JVC að frumrannsóknum loknum.

Ólafur Áki segir að hvað Vopnafjörð varðar sé um að ræða reiti vítt og breitt í sveitarfélaginu, að mestu á jörðum í landi einkaaðila. „Það er gull hér; sjávargull og gull í fólkinu. Við áttum okkur alveg á

því að það er ekki að fara að breyta atvinnuástandinu hjá okkur þótt hér komi nokkrir menn og leiti,“ segir sveitarstjórinn sem áður kveðst hafa séð til gullleitarmanna á þegar hann var í Djúpavogi. „Þeir fóru um á þyrlu og rannsökuðu jarðveginn.“

Stefán Grímur Rafnsson oddviti segir þetta ekki verða í fyrsta skipti sem menn rannsaki hvort vinna megi gull í Vopnafirði. „Persónulega hef ég ekki séð gull hér en maður hefur heyrt talað um það,“ svarar oddvittinn aðspurður. – gar

Átta svæði eru tilgreind í leyfisumsókn Iceland Resources.



Flóttamenn fá kvóta í Slóveníu



Ungur flóttamaður á leið til Slóveníu.

NORDICPHOTOS/AFP

SLÓVENÍA Slóvenska ríkisstjórnin ákvað í gær að hleypa ekki fleiri en 2.500 flóttamönnum inn fyrir landamærin á dag.

Innanríkisráðherra Slóveníu, Bostjan Sefic, sagði í gær að ekki hefði verið hægt að taka á móti 5.000 á dag eins og króatísk yfirvöld báðu um þar sem Austurríki taki ekki á móti fleiri en 1.500 á dag.

Meginþorri flóttamannanna kemur í gegnum Slóveníu og Króatíu í von um að komast til vesturs.

Vegna kvótans þurftu um fjögur þúsund flóttamenn að biða Króatíu-megin við landamærin að Slóveníu. „Það er allt of kalt svo við klæðum okkur í öll fót sem við eigum. Börnunum er líka kalt og við erum ekki með neitt að borða,“ hefur fréttastofa AP eftir Muhammad Samin frá Afganistan. – þea

Leiðrétting

Í umfjöllun um starfsemi heima- vistar skólans að Núpi í Dýrafirði birtist mynd sem er ekki frá starfi heima- vistar skólans heldur frá starfi sumar- búa sem reknar voru á sama stað. Er hér með bedist velvirðingar á hverjum þeim misskilningi sem myndbirtingin kann að hafa valdið.

Hryðjuverkamenn í Leifsstöð

Lögregla hefur í nokkur skipti haft grun um menn með tengsl við hryðjuverkahópa á Keflavíkurflugvelli. Í öllum tilvikum hafa mennirnir verið að millilenda. Ekki talið að Ísland sé lokaáfangastaður mannanna.

LÖGREGLA Hingað til lands hafa komið ferðamenn sem lögreglu grunar að hafi tengsl við hryðjuverkasamtök. Fyrir þeirra hefur ekki verið stöðvuð heldur er yfirvöldum í því landi sem fólkið ferðast til gert viðvart.

Þetta kemur fram í skýrslu Ríkislögreglustjóra um komu flóttafólks og aukið álag við landamæraeftirlit. Ráðherraráð Evrópusambandsins gaf út 15. júní í sumar að innleiða ætti almenna áhættuvísu við landamæra- vörslu.

Þessir áhættuvísar hafa verið teknir upp á Keflavíkurflugvelli. Landamæra- verðir eiga að vera á sérstöku varðbergi gagnvart fólki sem uppfyllir flokkun ESB. Nokkrum sinnum hefur vaknað grunur um að einstaklingur hafi tengsl við hryðjuverkastarfsemi. Sérstaklega er horft til tengsla við hryðjuverkasamtökin ISIS.

Að meðaltali fara fjórtán þúsund farþegar um Keflavíkurflugvöll daglega. Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að skoðað sé hvort fólk þyki líklegt til að vera tengt hryðjuverkum. Svo sem hvaðan það er að koma, hvert það sé að fara, hvort það ferðist eitt eða hafi þekkt tengsl.

„Við höfum ákveðnar skyldur gagnvart öðrum ríkjum. Menn hafa sérstaklega verið að reyna að fylgjast með því hvort það sé verið að flytja fólk til ISIS- liða eða hvort fólk sé að koma frá þeim. Þá höfum við látið vita,“ segir Ólafur.

Lögreglustjórinn segir meðalhófs gætt. „Við þurfum að passa að ganga ekki of nærri fólki sem hugsanlega er ekkert nema sakleysið. Þó að menn hafi einhvern tíma framið brot eða



Keflavíkurflugvöllur hefur aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem gefur upplýsingar og varúðarmerki um farþega við vega- bréfaeftirlit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

liggi undir grun þá er ekki hægt að gripa þá á meðan það hefur ekkert sannast á þá.“

Innanríkisráðuneytið breytti reglugerð um för yfir landamæri 28. september síðastliðinn. Í breytingunni segir að innanríkisráðherra sé heimilt að taka upp tímabundið eftirlit á innri landamærum vegna alvarlegrar ógnar við allsherjarreglu eða þjóðaröryggi. Ákvörðunin sé tekin á grundvelli áhættumats frá ríkislögreglustjóra og



Menn hafa sérstaklega verið að reyna að fylgjast með því hvort það sé verið að flytja fólk til ISIS-liða eða hvort fólk sé að koma frá þeim.

Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Suðurnesjum



í samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Hingað til hafa grunaðir hryðjuverkamenn einungis millilent hér á landi að sögn Ólafs Helga. „Það má kannski segja að það virðist ekki vera sem Ísland sé lokamark fólks í þessum hugleiðingum. Við höfum ekki séð nein merki þess að hryðjuverkamenn líti á Ísland sem endanlegan áfangastað,“ segir Ólafur.

snaeros@frettabladid.is

Íslendingar eru þriðja langlífasta þjóð heims á eftir Hong Kong og Japan

LÝÐHEILSA Íslendingar lifa einna lengst samkvæmt nýjum lista World Economic Forum.

Ísland er í þriðja sæti ásamt Ítalíu yfir langlífustu þjóðir heims, en meðallífaldur hér árið 2013 var 82,9 ár.

Karlar geta átt von á að lifa í 81,8 ár en konur í 84,5 ár. Meðallífaldur beggja kynja hækkar eilítið milli ára.

Talið er að rekja megi langlífi Íslendinga til heilbrigðs mataræðis. Íslendingar voru sagðir hafa besta mataræðið að mati næringarfræðinga í heimildarmyndinni The World's Best Diet árið 2014.

Mataræðið er talið lækka líkur á sykursýki og hjartasjúkdómum.

Íbúar Hong Kong eru langlífastir samkvæmt listanum og geta átt von á því að lifa í 83,5 ár.

Japan er í öðru sæti listans. Þar á fólk von á að lifa í 83,1 ár. –sg



Langlífi Íslendinga er talið mega rekja til góðs mataræðis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

10% AF SÖLU
Á BLEIKU LÍNU
APÓTEKSINS
RENNUR TIL
KRABBAMEINSFÉLAGS
ÍSLANDS Í OKTÓBER

BLEIKA
SLAUFAN





LANDSHORNA Á MILLI

FLUGFÉLAG ÍSLANDS FLYTUR SINFÓNÍU

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS flýgur með stórbrotna tónlist í farteskinu; nýtt verk Daníels Bjarnasonar, ægífagran klarínettkonsert Mozarts og stórbrotna sínfóníu Tsjajkovskijs. **Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**

EFNISSKRÁ:

Daníel Bjarnason *Blow Bright*
W.A. Mozart *Klarínettkonsert*
Pjotr Tsjajkovskij *Sínfónía nr. 4*

Stjórnandi: Daníel Bjarnason

Einleikari: Arngunnur Árnadóttir

ÍSAFIRÐI 26. okt. kl. 20:00

Íþróttahúsinu Torfnesi

AKUREYRI 27. okt. kl. 18:00

Menningarhúsinu Hofi

EGILSSTÖÐUM 29. okt. kl. 18:00

Íþróttamiðstöðinni Tjarnarbraut

FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ hljómsveit allra landsmanna.

Við fljúgum með Sínfóníuhljómsveit Íslands í opinn faðm tónlistarunnenda fyrir vestan, norðan og austan.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á **SINFONIA.IS**

Handverksskóli verður friðlýstur

MINJAVERNÐ Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað verður friðlýstur gangi vilji Minjastofnunar Íslands eftir. „Friðlýsingin tekur til ytra borðs skólahússins ásamt upprunalegum innréttingum í vefstofu, skrifstofu skólastjóra, anddyri og svokallaðri „Höll“, sem er samkomustaður í miðju hússins,“ segir um málið í fundargerð umhverfis- og framkvæmdanefndar Fljótsdalshéraðs.

Nefndin gerir ekki athugasemd við friðlýsinguna en bendir á að áskýnd skólans og næsta nágrennis njóti þegar hverfisverndar í aðalskipulagi. Undanþegnar friðlýsingunni verða seinni tíma viðbyggingar og múrklæðning á útveggjum. – **gar**

Þúrskatturinn ekki lækkaður í Frakklandi

FRAKKLAND Franska þingið hefur hafnað tillögu sósíalista um að lækka virðisaukaskatt á túrtappa og dömubindi úr 20% í 5,5%.

Catherine Coutelle, formaður nefndar franska þingsins um réttindi kvenna, flutti frumvarpið, en í febrúar safnaði femínistahópurinn Georgette Sand 17 þúsund undirskriftum fyrir þessa tillögu. Virðisaukaskattur á þessar vörur er einnig hár á Íslandi, en áætlað er að íslenskar konur greiði um 230 þúsund krónur í virðisaukaskatt af dömubindum og túrtöppum á ævinni. – **sg**

Gengið yfir glóandi kol



Tailenskur maður gengur yfir rauðglóandi kol á árlegri grænmetisætuhátið á eyrni Phuket. Kinverskættaðir Tailendingar fagna hátíðinni margir hverjir með því að limlesta sig til heiðurs fornum goðum, til dæmis með því að skera á sér tunguna eða gata sig með nálum. **NORDICPHOTOS/GETTY**

Vilja kaupa íbúðir en eiga ekki peninga

Íbúðalánasjóður hefur sent 55 sveitarfélögum bréf og óskað eftir viðræðum um nýtingu á íbúðum í eigu sjóðsins. Sjóðurinn á yfir 1.500 íbúðir. Innan við helmingur þeirra er nú í útleigu. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir bæinn áhugasaman en að fjármagn sé takmarkað.

SVEITASTJÓRNARMÁL Íbúðalánasjóður hefur sent 55 sveitarfélögum formlegt erindi þar sem óskað er eftir viðræðum við viðkomandi sveitarfélög um nýtingu á íbúðum í eigu sjóðsins.

Þá hafa starfsmenn sjóðsins verið í símasambandi við fjölmarga framkvæmdastjóra sveitarfélaga síðustu daga. Fundir starfsmanna Íbúðalánasjóðs með forsvarsmönnum sveitarfélaganna hófust svo í síðustu viku.

Íbúðalánasjóður á í dag um 1.500 eignir, þar af eru einungis um 700 í leigu. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum stefna viðræður við sveitarfélögin einkum

að því að kanna hvort unnt sé að koma því húsnæði sem Íbúðalánasjóður á í nýtingu. Annaðhvort þannig að sveitarfélögin kaupi íbúðirnar til að leigja þeim íbúum sveitarfélagsins sem þurfa aðstoð við húsnæðisöflun eða þannig að leigufélög og/eða verktafar á staðnum kaupi. Einnig hafa verið viðræður við sveitarfélög um snýrtingu húsa og nauðsynlegar úrbætur á eignum sjóðsins.

Borgarstjóra hafði ekki borist bréf frá Íbúðalánasjóði þegar Fréttablaðið spurðist fyrir í gær. En borgin mun hafa áhuga á því að kaupa íbúðir af Íbúðalánasjóði, standi það til boða. Ármann Kr.

Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að lýsing á eignasafninu hafi ekki fylgt bréfinu frá Íbúðalánasjóði. „En ég mun funda með þeim og skoða málið,“ segir Ármann.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir að Ísafjörður sé með yfir 100 félagslegar íbúðir sem séu yfirskuðsettar. Bæjarfélagið hafi því ekki mikið bolmagn til að kaupa íbúðir af Íbúðalánasjóði. Þá sé sveitarfélagið að glíma við erfið verkefni, sem mörg hver tengjast samskiptum við ríkisvaldið. „En við höfum alveg áhuga á að ræða málin. Orð eru til alls fyrst og við viljum endilega leysa íbúðirnar úr þeirri krísu

Orð eru til alls fyrst og við viljum endilega leysa íbúðirnar úr þeirri krísu sem þær hafa verið í hjá Íbúðalánasjóði.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði

sem þær hafa verið í hjá Íbúðalánasjóði,“ segir Gísli Halldór. Íbúðalánasjóður hafi ekki sett pening í viðhald á íbúðunum til þess að geta komið þeim í útleigu og þær hafi því víða staðið auðar og grotnað niður. „Jafnvel svo að

til skammar er,“ segir Gísli. Ekki náðist tal af bæjarstjóra Akureyrar.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingið áherslu á það í síðustu viku að sölu á eignum Íbúðalánasjóðs væri hraðað. Ekki yrði einungis horft á sölu til sveitarfélaganna heldur einnig einstaklinga. Guðlaugur Þór segist ekki hafa orðið var við tregðu hjá Íbúðalánasjóði til að selja, sérstaklega ekki hjá nýjum stjórnendum sjóðsins. „Það er ráðuneytið sem þarf að taka ákvörðun um þetta,“ sagði Guðlaugur og vísar þar til velferðar ráðuneytisins.

jonhakon@frettabladid.is



20% afsláttur

af Panodil lausasölulyffjum



www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Panodil-dagar í október

**TAX
FREE
DAGAR**

SÍÐASTI SÉNS!

**AFNEMUM
VIRÐISAUKASKATT*
AF RAFTÆKJUM
DAGANA 15.-19. OKTÓBER**

EINNIG FRÁBÆR SÉRTILBOÐ!

**SÉRTILBOÐ
74.995**

verð áður 99.995
ekki er taxfree á sértíloðum



LG 43" FHD LED TV

Módelnr. 43LF540
Upplausn: 1920 x1080p punktar



**Dolce Gusto
MiniMe hvít/svört**
Módelnr. EDG305WB

**SÉRTILBOÐ
11.995**

verð áður 16.995
ekki er taxfree á sértíloðum

**SÉRTILBOÐ
7.995**

verð áður 12.995
ekki er taxfree á sértíloðum



**Philips
Bluetooth heyrnatól**

Módelnr. SHB6250

**SÉRTILBOÐ
94.995**

verð áður 129.995
ekki er taxfree á sértíloðum



**Philips 47"
Smart LED TV**

Módelnr 47PFT5609
Full HD 1920 x 1080p upplausn

**SÉRTILBOÐ
19.995**

verð áður 29.995
ekki er taxfree á sértíloðum



**Philips 2.1 Soundbar
heimabíókerfi**

Módelnr. HTL2160

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Verjandi í fíkniefnamáli þarf ekki að víkja

DÓMSMÁL. „Ég held að þetta sé bara for-dæmalaust, enda skildi ég aldrei hvað bjó eiginlega að baki þessari kröfu,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi eins íslensku mannanna sem sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um aðild að umfangsmiklu fíkniefnasmygli.

Hæstiréttur hefur staðfest niður-stöðu héraðsdóms um að Hólmgeir þurfi ekki að víkja sem verjandi í mál-inu. Lögreglustjórinn á höfuðborgar-svæðinu gerði þá kröfu þar sem hann taldi að Hólmgeir hefði brotið fjöl-miðlabann sem skjólstaðingur hans sætti á gæsluvarðhaldstíma. Það hefði hann gert með ummælum í Frétta-blaðinu um að skjólstaðingur hans lýsti yfir sakleysi sínu.

Hæstiréttur segir lögreglustjóran ekki hafa leitt nægar líkur að því að



Hólmgeir Elías Flosason heldur áfram sem verjandi í umfangsmiklu fíkniefnamáli. MYND/VERSUS

þær upplýsingar sem Hólmgeir veitti gætu haft þau áhrif á rannsóknina að næg efni væru til að takmarka rétt sak-bornings til að ráða verjanda sínum.

„Niðurstaðan kemur mér ekkert á óvart og er í samræmi við það sem búast mátti við,“ segir Hólmgeir.

Fjórir menn, tveir Íslendingar og tveir Hollendingar, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhaldi vegna smygls á tugum kílóa af kókaini og amfetamíni hingað til lands með Norrænu 22. september síðastliðinn. – **ngy**

Íslendingar áfram með æði fyrir iPhone-símum

iPhone 6S hefur selst mjög vel í forsölu og í fyrstu almennu söluviku sinni á Íslandi. Tuttugu prósentu söluaukning varð í fyrstu vikunni milli ára hjá iStore.

VIÐSKIPTI Nýjasta útgáfa iPhone-síma, iPhone 6S, kom til landsins þann 9. október og hefur fyrsta söluvika hans gengið gríðarlega vel að sögn farsímaseljenda hér á landi sem Fréttablaðið ræddi við.

Forsalan gekk einnig mjög vel hjá fyrirtækjum sem stunduðu hana. Nokkrir Íslendingar voru svo spenntir að næla sér í nýjasta sím-ann að fimmtán símar sem iSíminn bauð til sölu tveimur vikum fyrir almenna sölu, gegn 25 þúsund króna aukagjaldi, seldust upp á tveimur dögum.

Fyrstu upplögin seldust hratt upp hjá mörgum, meðal annars hjá Mac-landi og Nova.

„Salan hefur gengið alveg rosalega vel hjá okkur vægast sagt. Ég skynja að um 20 prósentu aukning sé á sölu í fyrstu vikunni milli ára,“ segir Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore. Fyrsta upplagið hafi svo til selst upp.

Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, tekur undir með Sigurði að salan á 6S hafi gengið gríðarlega vel hjá þeim.

„Þegar nýjungar koma frá Apple er eftirspurn alltaf mikil, það er raun-verulega alltaf umfram eftirspurn fyrstu dagana,“ segir Liv. Hún segir að salan hafi verið mjög góð hjá Nova, hins vegar sé hún ekki alveg jafn mikil og á iPhone 6.

„Þegar iPhone 5 og 6 komu á markað var mikil breyting á tækj-unum en aðeins minni breyting frá 5 í 5S og 6 í 6s,“ segir Liv.

Sigurður Stefán Flygenring, þjón-ustustjóri fyrirtækjasviðs Maclands, segir að upphafssalan hafi verið rosalega fin miðað við að um sé að ræða S-tæki.

„Það hefur oft verið minni áhugi á S-tækjum en hinum, en það er mikill áhugi á 6S,“ segir Sigurður Stefán.

Svo virðist sem meiri eftirspurn sé



Rose gold-liturinn er í miklu uppáhaldi hjá Íslendingum. NORDICPHOTOS/GETTY

Salan hefur gengið alveg rosalega vel hjá okkur vægast sagt.

Sigurður Þór Helgason, eigandi iStore

eftir stærri símunum. Símarinn í 64 GB stærð hafa verið langvinsælastir hjá Maclandi og iStore. Einnig hefur verið meiri áhugi á 6S plus en á 6 plus í upphafssölu.

„Ég finn mikinn mun á plus-söl-unni í byrjun. Þegar 6 plus kom fyrir ári síðan fannst fólki það of stórt. Fólk treysti sér ekki alveg í plúsinn og fór þetta eina skref á milli í iPhone 6 en svo var mikið um það að fólk seldi sexurnar sínar til að fara yfir í 6 plus og seinni hlutann af þessu iPhone 6 ári þá voru jafnvel fleiri að kaupa 6 plus en 6,“ segir Sigurður.

Íslendingar virðast enn sækja mikið í nýjungar. Nýjasti liturinn, bleikur Rose gold, nýtur mikilla vinsælda. Liv segir bleika símann þann langvinsælasta hjá Nova. Sigurður tekur undir með Liv. „Við áttum ekki nóg af Rose gold-litnum, annars hefði ég verið búinn að selja helmingi meira. Við erum núna með langan biðlista eftir honum,“ segir Sigurður.

Space gray nýtur einnig áfram-haldandi vinsælda. Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, upplýsinga-fulltrúi Vodafone, segir Space gray 64 GB áfram vera hvað vinsælastan hjá Vodafone.

Sigurður Stefán segir Space gray einnig áfram vinsælastan hjá Mac-land.

saeunn@frettabladid.is

Ljós og hiti

TY2007W
Vinnuljóstakastari á telescope fæti 400W ECO pera
5.390

TY2007X
Vinnuljóstakastari ECO perur 2x400W tvöfaldur á fæti
6.590

TY2007K
Vinnuljóstakastari m handf 400W ECO pera, 1,8m snúra
3.290

T38 Vinnuljós
5.590

SHA-2625
Vinnuljóstakastari Rone 28W m. innst. blár. 1,8m snúra
6.990

Telescopic þrífótur fyrir halogen lampa
6.790

SHA-8083 3x36W Halogen
16.990

Rafmagnshitablastari 2Kw 1 fasa
6.890

Rafmagnshitablastari 5Kw 3 fasa
12.830

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Íslenskt fjölskyldufyrirtæki og framleiðsla síðan 1984

TE & KAFFI

— NÝ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA —

ILMANDI KAFFIPÚÐAR FRÁ TE & KAFFI

Te og Kaffi hafa nú framleitt þrjár vinsælustu kaffitegundir sínar sem kaffipúða. Sérvaldar kaffibaunir sem halda bragðgæðum og ilmi alla leið í bollann þinn, Java Mokka, Espresso Roma og French Roast.

JAVA MOKKA
FRENCH ROAST
ESPRESSO ROMA

Lægri hagvöxtur í Kína gæti leitt til nýrrar kreppu



Xi Jinping, forseti Kína, segir nýju fimm ára áætlunina munu vera gríðarlega mikil-væga fyrir efnahagslíf Kína. FRÉTTABLAÐID/AFP

KÍNA Kínverjar munu kynna þrett-ándu fimm ára áætlun sína í næstu viku. Talið er að hún muni setja tóninn fyrir efnahagslífið um allan heim næstu ár. Sérfræðingar óttast að nýja áætlunin lofi lægri hagvexti en áður, sökum hruns hlutabréfa-markaðar í sumar og rólegra efna-hagslífs í Kína.

Undanfarin ár hefur Kína lofað 7

prósentu hagvexti ár hvert. Sérfræð-ingar Credit Suisse telja Kínverja mögulega hafa ýkt hagvöxt undan-farin misseri og því verði hagvaxt-arspáin lægri. Þar sem hagvöxtur í Kína nemur 32 prósentum af öllum hagvexti heimsins, samkvæmt Cre-dit Suisse, gæti þetta haft hrunáhrif á hlutabréfamarkaði heimsins og jafnvel komið af stað kreppu. – **sg**

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER

TILFINNINGIN ER ÓLÝSANLEG ÞAR TIL ÞÚ PRÓFAR



Mitsubishi Outlander er kominn með nýtt útlit. Betur búinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll er vandfundinn og ekki skemmir verðið fyrir. Komdu í reynsluakstur og fáðu tilfinninguna sem svo erfitt er að lýsa – jafnvel eftir að þú prófar.

Mitsubishi Outlander
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.390.000 kr.




FYRIR HUGSANDI FÓLK



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



AAB EINKUNN

7 KG

00

KYNNINGARVERÐ KR. 59.900
SPARAÐU 15.000

SAMSUNG
WF-1702NHWG Þvottavél
Frábær ný heimilislísl frá Samsung á ótrúlega hagstæðu verði. Úrval frábærra þvottakerfa.

- ✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhrði.
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 15 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
- ✓ Framstillt ræsing.
- ✓ Tekur allt að 7 kíló af taui.
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhræða.
- ✓ XXL stór hurð - auðveld í notkun.
- ✓ Fullt verð kr. 74.900.

7 KG

BARKALAUS

RAKA-SKYNJARI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 54.900
SPARAÐU 15.000

ZANUSSI
ZDL-7102PZ Barkalaus þurrkari
Barkalaus þéttþurrkari með rakaskynjara.

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
- ✓ 4 mismunandi þurrkerfi.
- ✓ Stór lúga 43x33 cm.
- ✓ Val um tvö mismunandi hitastig fyrir viðkvæman og venjulegan þvott.
- ✓ Tromla snýst til beggja átta.
- ✓ Krumpuvörn.
- ✓ Niðurkæling í lokin.
- ✓ Fullt verð kr. 69.900.

AAA EINKUNN

HLJÓÐ-LÁT

0000

HRAB-VAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 84.900
SPARAÐU 10.000

Electrolux
ESF-5521LOW/LOX Uppþvottavél
Afar hljóðlát vél með A+/A/A einkunn, Autokerfi, skjá og vandaðri innréttingu.

- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. sjálfvirkir kerfi, sparnaðar- og erfiðskerfi ásamt skulun
- ✓ 2 hraðkerfi 30" og 60" með þurrkun
- ✓ Hitastig 50/60/70°C og Auto 45-70°C
- ✓ Snertitakkar og skjár.
- ✓ Framstillt ræsing 1-24 klst.
- ✓ Sérlega hljóðlát, 45 dB(A)
- ✓ EnergySmart óhreinkleikaskynjari
- ✓ HxBxD: 81,8-88 x 59,6 x 59 cm
- ✓ Fullt verð kr. 87.900 / 94.900.

STÁL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 84.900
SPARAÐU 10.000

HVÍT

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 74.900
SPARAÐU 13.000

Electrolux
EN-13201JW/1360JW Kæli- og frystiskápur
Sérlega rúmgóður skápur með LowFrost tækni sem sparar þér 4 af hverjum 5 affrystingum í frysti.

- ✓ 3 MaxiSpace skúffur í frysti - 80% minni hrímmyndun.
- ✓ Stærð 175/185 x 59,5 x 62 cm
- ✓ Fullt verð 89.900 / 99.900

175-185 CM HÁR

LED LYSING

LOW FROST

154 CM HÁR

ALARM

HRAB-FRYSTING

XL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 84.900
SPARAÐU 15.000

Electrolux
EUF-2241AOW Frystiskápur
197 lítra með 6 MaxiSpace skúffum/hólfum.

- ✓ HxBxD: 154 x 59,5 x 62 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 99.900.

175 CM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 69.900
SPARAÐU 20.000

185 CM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 74.900
SPARAÐU 25.000

TOPP MERKJAVARA Á BOTNVERÐI

VERÐVAKT RAFHA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 15.990
SPARAÐU 10.000

%

VERÐVAKTIN
Við stöndum vaktina og viljum vera með besta verðið!

BOSCH
MUM-4405 Hrárivél
Kraftmikil hrárivél Multi Motion Drive motor og 4 hraðastillingum.

- ✓ Ræður við allt að 2 kg af deigi.
- ✓ Lok með hveitirennu
- ✓ Deigkrókur, hrærari og peytari.
- ✓ Hægt að kaupa fjölda aukahluta.
- ✓ Fullt verð 25.990.

Electrolux
EFP-5300 Matvinnsluvél
Með stórum fylgihlutapakka. Fjölhæf og kraftmikil vél.

- Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 14.990
25% AFSLÁTTUR

TRISTAR
GR-2841 Grill
Mínútagrill með rífluðum grillfleti. Burstað stál.

- Fullt verð kr. 9.490

WMF
WMF CeraDur Verðlaunapanna
28 cm lúxspanna með keramikhúð frá þýska WMF.

- Fullt verð kr. 14.990.

Electrolux
ESTM-5600 Töfrasproti
600W sterkbyggður töfrasproti með peytara, hakkara og könnu. 2 hraðastillingar.

- Fullt verð kr. 14.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 9.990
33% AFSLÁTTUR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 8.888
40% AFSLÁTTUR

REMINGTON
D-5280 Pwo-Air hárblási
2200W hárblási með 3 hitastillingum og 2 hraðastillingum + köldu skoti.

- Fullt verð kr. 7.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 4.990
38% AFSLÁTTUR

REMINGTON
HC-5150 Hár-/skeggklippur
Hlaðanleg Pro Power klippur með tvöfalt öflugari motor. Fyrir bæði skegg og hár. Stillanleg sídd. Fullt verð kr. 7.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 4.990
38% AFSLÁTTUR

Scholl
Scholl Velvet Smooth rafdrifin fótaþjöl
Fáðu silkimjúka fætur með Velvet Smooth rafmagnsþjölinni. Fjarlægir sigg og þurra húð með dematnskristólum. Frábær nýjung sem slegið hefur rækilega í gegn.

- Fullt verð kr. 9.280.

SKOÐUN

Á flóttan undan mennskunni



Magnús Guðmundsson

magnus@frettabladid.is

Fimm manna fjölskyldu frá Albaníu var í liðinni viku synjað um dvalarleyfi á Íslandi af Útlendingastofnun. Í synjun stofnunarinnar kemur fram að fjölskyldan sé ekki metin sem flóttafólk þar sem henni stafi ekki lífshætta af því að snúa til heimalandsins né eigi hún þar á hættu ofsóknir. Á þessum forsendum er þessari fimm manna fjölskyldu, hjónum og börnum þeirra þremur, meinað um að dvelja áfram á Íslandi og lifa hér sínu lífi, sjálfu sér og samfélaginu til góðs.

Það hefur reyndar komið fram að fjölskyldufaðirinn, sem er sonur fyrrverandi foringja í kommúnistaflokknum, hafi orðið fyrir skotárás, húsið hefur verið tekið eignarnámi, börnunum hefur verið neitað um skólavist og fjölskyldan hefur ávallt verið sett aftast í röðina á heilsugæslu og svo mætti áfram telja. En þetta virðist þó ekki duga Útlendingastofnun. Þar þarf meira til. Kannski nokkur skotsár eða vottorð upp á að viðkomandi hafi mátt sæta pyntingum eða einhverju viðlíka. Það er reyndar erfitt að átta sig á því hvað þarf til nema fyrir fólkíð á Útlendingastofnun.

Á undanförmum árum hafa ákvarðanir Útlendingastofnunar ítrekað vakið hneykslan og reiði almennings á Íslandi. Þjóðin stendur í sífelldum undirskriftasöfnunum, beiðnum, áskorunum og guð má vita hverju en stofnunin hefur staðið fast á stífu regluverki sama á hverju dynur.

Reglur geta vissulega verið góðar til síns brúks en þær eru þó samt ekki mikilvægari en manneskjur. Reglur eru ekki mikilvægari en fimm manna fjölskylda, líf hennar og velferð. Reglur eru ekki mikilvægari en framtíð þriggja barna sem hafa fundið öruggt skjól á Íslandi þar sem þau eru farin að eignast vini í skólanum, spila fótbolta í fristundum og láta sig dreyma um hjarta og gæfuríka framtíð alveg eins og hin börnin í hverfinu.

Útlendingastofnun heyrir undir innanríkisráðuneytið og það þýðir að þaðan kemur vald stofnunarinnar. Valdið til þess að taka ákvörðun um líf og framtíð fjölskyldunnar í Laugarnesinu og fjölmargra fleiri sem hingað leita hjálpar í sárri neyð.

Endalausar fréttir af óskiljanlegum úrskurðum stofnunarinnar, að ógleymdri skammarlegri vanrækslu á réttindum barna til skólavistar, geta ekki verið ráðherra velþóknanlegar. Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur því einstakt tækifæri til þess að hafa áhrif á líf þessa fólks og reyndar fjölmargra fleiri til betri vegar. Hún hefur tækifæri til þess að gera það sem fyrirrennarar hennar hefðu kannski átt að gera fyrir margt lífandis löngu en það er að sjá til þess að það sé samræmi á milli þeirrar mennsku og þess kærleiks sem þjóðin hefur að gefa og þeirra áherslna sem Útlendingastofnun vinnur eftir. Sé svigrúmið ekki til staðar innan ramma laganna þá er verkefnið einfaldlega að breyta lögunum. Það má ekkert vera ómögulegt þegar kemur að velferð fólks við þessar aðstæður.

Eins og staðan er í dag virðist manni helst að Útlendingastofnun sé á endalausum flóttan undan mennskunni. Öllum er vísað úr landi sem mögulegt er að vísa úr landi. Allt í krafti regluverksins á kostnað mennskunnar. Þessu verður að linna og það strax.

Halldór



Frá degi til dags

Nístandi niðurstaða

Það nístir mann að sjá fréttir af barnafjölskyldum frá fjarlægum ríkjum sem neitað er um dvalarleyfi hér á landi. Nærtækustu dæmin eru albönsk fjölskylda og önnur sýr-lensk. Ekki virðast þessar barnafjölskyldur ógna okkur sem hér bjuggum fyrir. Foreldrarir virðast reiðubúnir til að vinna og gera gagn í samfélaginu og börnin virðast vel liðin meðal jafnaldra. Tilgangsleysi þess að senda þau burt virðist algert. En Útlendingastofnun telur að í Albaníu sé ekki næg neyð til að forsvaranlegt sé að taka á móti fólki þaðan. Og Sýr-lendingar, sem eiga hæli í Grikklandi, hafi ekkert hingað að sækja. Stefna stofnunarinnar í málefnum hælisleitenda krefst frekari skýringa.


Þungur róður

Sjálfstæðisflokkurinn heldur landsfund um næstu helgi og er málefna-starf í undirbúningi. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá drögum að til-lögu efnahags- og viðskiptanefndar í peningamálum og leggur flokkurinn aukna áherslu á stuðning við krónuna sem framtíðargjaldmiðil. Drög nefndarinnar eru nokkuð skýr og skorinort. Það er reyndar alltaf fagnaðarefni þegar stefna stjórnmálaflokka liggur skýrt fyrir, en miðað við hve klofinn flokkurinn er í málinu má vænta þess að það verði harður róður fyrir nefndina að fá ályktunina samþykkt á óbreytta á 1.000 manna landsfundi. Sérstaklega þegar horft er til þess hve klofin afstaða flokksins er til málefnisins.

Ég er líka brjáluð!



Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna



Ég tek undir með ungmenningaráði UNICEF á Íslandi: Börn eiga ekki heima á biðlistum!

Ég vil byrja á því að þakka öllu því flotta unga fólki sem hefur stigið fram á undanförmum dögum til þess að vekja athygli á fordómum og úrræðaleysi í geðheilbrigðismálum barna hér á landi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á besta mögulega heilsufari sem hægt er að tryggja. Auk þess er skylt að tryggja börnum þroskavænleg skilyrði, þannig að þau nái sem bestum andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska.

Ljóst er að þessi réttindi eru ekki tryggð hér á landi, en í dag þurfa börn með hegðunar- og geðraskanir oftast en ekki að bíða í marga mánuði eða jafnvel ár eftir greiningu og þjónustu við hæfi. Þetta er langur tími í lífi barns og ef barn fær ekki þjónustu við hæfi án tafar getur það haft alvarleg og varanleg áhrif á þroska þess og heilsu til framtíðar.

Íslenska ríkið brýtur á mannréttindum barna


Umboðsmaður barna hefur ítrekað bent á að íslenska ríkið sé að brjóta alvarlega á mannréttindum barna að þessu leyti, en því miður hefur það haft takmörkuð áhrif. Ég er því óendanlega þakklát að sjá ungt fólk nýta rétt sinn til þess að tjá sig og vekja athygli á því að staða þessara mála hér á landi sé óásættanleg.

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi stendur nú fyrir átakinu Heilabrot, en með því er ætlunin að varpa ljósi á alvarleika málsins og skora á yfirvöld að bregðast við. Þau hafa notað myllumerkið #viðerumbrjáluð sem er að mínu mati vel við hæfi. Ég vil því nota tækifærið til þess að segja að ég er líka brjáluð! Brjáluð yfir því að börnum sé ekki tryggð sú þjónusta sem þau eiga rétt á. Ég skora á heilbrigðisráðherra, Alþingi og aðra opinbera aðila að hlusta á börn og ungmenni og bregðast við þessum vanda sem fyrst.

Ég tek undir með ungmenningaráði UNICEF á Íslandi: Börn eiga ekki heima á biðlistum!

TRÍLGÍA

1 HRINGUR + KÓK
OG ANNAR
HRINGUR FRÍTT
599 KR.



Í DAG

Bara fólk



Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Íslenskri fjölskyldu var synjað um dvalarleyfi í Tromsø í Noregi þar eð sýnt þótti að folkið væri einungis þangað komið í leit að betri lífskjörum. Maður einn upprunalega frá Djúpavogi var sendur burt frá Kópavogi og aftur til Vestmannaeyja þar sem hann hafði þegar fengið starf og gat hann ekki sýnt fram á að annað vekti fyrir honum með vistaskiptunum en ævintýralöngun. Konu einni var neitað um kaup á kjallaraíbúð í Karfavogi og hún send aftur í Grundargerði því að hún gat ekki sýnt fram á að aðrar ástæður væru fyrir flutningum en að hún vildi að börnin hennar færu í Vogaskóla.

Fáránleg dæmi? Svo sannarlega – en svo sem ekkert fáránlegri en úrskurðir Útlendingastofnunar að undanfögnu sem vakið hafa almenna undrun og hneykslun: nú síðast á að reka albanska fjölskyldu úr landi, hjón með þrjú börn sem eru að byrja í skóla. Af hverju? Ja, þau hafa væntanlega ekki sýnt nóg-samlega fram á eitthvað; væntanlega að þau séu í lífshættu verði þau rekin burt, og sönnunarbyrðin þyngri en í kynferðisglæpamálum í Hæstarétti. Ekki einu sinni sýr-lenskum hjónum með tvö litil börn tekst að sýna þessari þungbúnu stofnun fram á að stríðsástandi ríki í landi sínu. Burt með þau. Forsenda kerfisins er alltaf sú, að þau sem hér vilja búa séu sek uns annað sannist. Sek um hvað? Að vilja búa sér og sínum góð lífskjör.

Hver er flóttamannavandinn? Ísland er furðulega lokað land. Miðað við stífa löggjöf og smásmugulega framgöngu íslenskra yfirvalda mætti ætla að hér væri verulegt flóttamannavandamál í þröngbýlu landi – hvergi þverfót að fyrir flóttamönnum og að Íslendingar hefðu verulegan ama af straumi fólks hingað sem hefði þá hugsjón eina í lífinu að leggja upp á hina harðduglegu Íslendinga. Þetta er vel að merkja ekki útlekking á afkimum umræðunnar, þar sem vansælar manneskjur næra hatur á bláókunnugu fólki sem þær vita ekkert um: Það er sjálfur grundvöllur stefnunnar sem hér er rekin gagnvart fólki sem hingað leitar; að flóttamannastraumur til Íslands sé vandamál.

Óvelkomnast – sekast – virðist það fólk sem hefur ekki vottorð upp á að í upprunalandi sínu sé styrjöld eða það verði tekið af lífi í heimalandi sínu – en langar einfaldlega til þess að gera eins og Íslendingar gera um þessar mundir í Noregi: að leita að betra lífi, betra kaupi, betri vinnu, betra samfélagi, framtíð fyrir börnin.

Í rauninni er naumast við annan vanda að etja hér en þann sem hlýst af einstrengislegri stefnu yfirvalda í innflytjendamálum. Þeir sem hingað koma, og eru ekki á vegum verktaka eða hjá starfs-



Sú stefna hefur beinlínis verið mörkuð að þeir útlendingar sem hér starfa skuli eingöngu gera það á vegum verktaka eða hjá sérstökum starfsmannaleigum, búa í ósamþykktu verksmiðjuhúsnæði fjarri mannabyggðum, stundum margir saman á litlu svæði, og sinna vinnu sinni þar til þeir fara aftur heim, og hafa helst engan Íslending hitt.

mannaleigum, eru óðara lokaðir inni í einhverju steinsteyptu einskismannslandi þar sem þeir mega huka aðgerðalausir mánudum saman eins og í nokkurs konar störukeppni og biða eftir því að skorið verði úr um það hvort þeir teljist nægilega ofsóttir til að verðskulda landvist hér. Sú stefna hefur beinlínis verið mörkuð að þeir útlendingar sem hér starfa skuli eingöngu gera það á vegum verktaka eða hjá sérstökum starfsmannaleigum, búa í ósamþykktu verksmiðjuhúsnæði fjarri manna-byggðum, stundum margir saman á litlu svæði, og sinna vinnu sinni þar til þeir fara aftur heim, og hafa helst engan Íslending hitt. Engu er líkara en að Ástandsnefndin sé enn að störfum og Jóhanna Knudsen á þönum við að bæga burt óhreinum útlendingum.

Réttindi handa öllum

Allt er þetta bara fólk. Við gleymum því stundum. Og líka hinu sem Ari skáld Jósefsson sagði okkur: að fólk er „alveg lýgilega gott“.

Í umræðunni er allt kapp lagt á að sveipa umsækjendur um landvist sem annarlegustum einkennum, hvort sem lítið er á útlit, húðlit, venjur, matarsíði, tungutak og náttúrulega trúarbrögð, sem er nokkurn veginn tilgangslausasta þráttu-epli í heimi og vinsælt eftir því vegna þess að það leiðir aldrei til nokkurrar niðurstöðu. En allt er þetta bara fólk. Það trúir á þetta og hitt og ekki neitt, það langar í þetta og hitt, dreymir um sómasamlegt líf; reglulega vinnu, huggulegt húsnæði, ánægjuleg samskipti við vini og kunningja og góða menntun til handa börnum sínum svo að þau geti með tíð og tíma orðið að nýtum þegnum.

